



„Eins og að fara aftur í tímann“

Viðhorf framhaldsskólanemenda sem nýttu
mikið spjaldtölvur í námi sínu í grunnskóla

Guðmundur Ásgeirsson

Leiðbeinandi:

Sólveig Jakobsdóttir

Sérfræðingur:

Stefán Jökulsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntavika 2014



„Eins og að fara aftur í tímann“

- Reynsla nemenda úr Norðlingaskóla sem útskrifuðust þaðan vorið 2013 með tilliti til þess hvernig þessir nemendur telja að spjaldtölvunámið hefur nýst þeim í framhaldsskólum landsins





„Eins og að fara aftur í tímann“

- **Rannsóknarspurningar**

- Hvort og þá hvernig hefur spjaldtölvunámið úr Norðlingaskóla mögulega nýst þessum nemendum þegar upp í framhaldsskóla er komið?
- Nýtast spjaldtölvur sem aðalnámstæki í námi þegar komið er í framhaldsskóla og þá hvernig?
- Hvaða áhrif hefur sjálfsmynd og atbeini nemenda á nám, hefur spjaldtölvunámið einhver áhrif á þessa þætti?





Skjáningar (e. *digital natives*)

- Hafa alist upp á tímum stafrænnar tækni, tölva, vídeóleikja og internetsins og þess háttar (Prensky, 2001)
- Notkun á nýrri tækni sé eins eðlileg og að anda fyrir marga krakka (Tapscott, 1998)
- Fáir skjáningur lyklaborð eða spjaldtölvu í hendurnar er mun líklegra að hann sýni jákvæð viðbrögð (Armstrong, 2014)
- Eru vanir hröðum upplýsingum netsins og geta jafnvel gert marga hluti í einu (e. *multitasking*)
- Vilja frekar sjá hlutina myndrænt heldur en í texta og þeim líður vel í hraða og margbreytileika internetsins
- Nemendur þurfa að slökkva á heilastarfseminni í tímum (Prensky, 2008)





Atbeini-ákvörðunarvald nemenda

- Spjaldtölvur eru tæki sem styður við aukinn atbeina/ákvörðunarvald
- Að nemendur fá meira vald, aukin áhrif, tilfinningu fyrir að geta haft áhrif á nám sitt (Staker, 2013)
- Sýni sjálfstæði í námi og taki aukna ábyrgð á því
- Þannig fá þau þjálfun í að takast á við framtíðina og þá aukast líkurnar á að þeim farnast vel í lífinu (Kumpulainen, Krokfors, Lipponen, Tissari, Hilppö og Rajala, 2009).





Sjálfsmynd – sjálfstraust

- Stafræna tölvutæknin hefur opnað nýjar gáttir upplýsinga
- Þessi margbreytileiki endurspeglast í framsetningu sjálfsmyndar, hvernig einstaklingar tjá sjálfstæði, sköpun og getu þeirra til að læra, móta dómgreind og hugsa markvisst (Ito, Davidson, Jenkins, Lee, Eisenberg og Weiss, 2008)
- Með því að auka trú einstaklings á sjálfum sér mun hann bæta sig námslega (Bandura, 1997)
- Mikilvægi sjálfstrausts (Þórdís Helga Ólafsdóttir, 2012; Jón Torfi Ólafsson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Hjalti Jón Sveinsson, 2009)





Kennsluhættir

- Fjölbreyttar námsaðferðir auka líkur um jákvæðan árangur í námi (Ingvar Sigurgeirsson, 2009; Gardner, 2006)
- Samvinnunám hefur jákvæð áhrif á námsárangur (Good og Brophy, 1997)
- 1:1 námsaðferðin leiðir að nemendamiðuðu námi aðferðin er meira námshvetjandi fyrir nemendur en hefðbundnari aðferðir (Balanskat, Bannister, Hertz, Sigillo og Vuorikari, 2013)
- Spjaldtölvur henta við sköpun (Ómar Örn Magnússon, 2013; Rankin, 2010; Sólveig Jakobsdóttir o. fl., 2012; Bryndís Steina Friðgeirsdóttir o. fl., 2012)





Aðferð

- Eigindleg rannsóknaraðferð
- Tilviksrannsókn
- 29 í útskriftarhópnum
- Eitt foreldri tilkynnti að barn sitt yrði ekki með
- 28 nemendur, 20 stúlkur og 8 drengir
- Náðist í 9 stúlkur og 2 drengi sem öll tóku þátt
- Samtals 38% af útskriftarhópnum





Niðurstöður

- Spjaldtölvur sem aðalnámstæki styrktu nemendur í námi
- Urðu sjálfsstæðari og sjálfstraust þeirra jókst
- Námið í framhaldsskólanum þótti gamaldags og þurrt
- Framhaldsskólarnir þóttu formfastir og eitt gengi yfir alla
- Í Norðlingaskóla var greinilega um einstaklingsmiðað nám um að ræða og nemendur hafa mikið frjálshræði um hvernig þeir gera verkefni





Niðurstöður

- Skjáningar?
 - fengu enga kennslu á spjaldtölvurnar þegar tilraunaverkefnið byrjaði í Norðlingaskóla, fundu bara út úr þessu sjálf
 - slökktu ekki á heilastarfsseminni í framhaldsskólanum
 - greina mátti að framhaldsskólarnir mættu fara að tækni- og nútímavæðast





Niðurstöður

- Atbeini og sjálfstraust
 - að hafa áhrif á skipulag náms síns eins og viðmælendur fengu að gera í Norðlingaskóla hafði greinilega jákvæð áhrif á nemendur
 - Það styrkti sjálfstraust þeirra í námi sem er mjög mikilvægt





Niðurstöður

- Kennsluhættir
 - kennsluaðferðir í Norðlingaskóla voru fjölbreyttari en í framhaldssólunum og einnig verkefnavinna
 - einstaklingum henta mismunandi námsaðferðir
 - samvinnunám hefur jákvæð áhrif á námsárangur
 - spjaldtölvur eru góð tæki til fjölbreyttra kennsluhátta
 - hægt er að nota spjaldtölvur við nánast hvað sem er, helsta takmörkunin er okkar eigið hugarflug

